

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Garðabæ.

*Hnoðraholt norður, deiliskipulag.*

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir íbúðarbyggð í fjölbýli, rað-, og einbýlishúsum í norðan- og vestanverðu Hnoðraholti. Svæðið sem deiliskipulagið nær til er um 36 ha að flatarmáli.

Atvinnuhúsnæði verður á norðvestur hluta skipulagsreitsins. Hæðafjöldi íbúðarhúsa verður á bilinu 1-4. Atvinnuhúsnæði verður 4 hæðir með inndreginni 5. hæð þar sem hún er hæst.

Fjöldi íbúða verður 419 og flatarmál atvinnuhúsnæðis verður um 20.000 m<sup>2</sup> auk bílakjallara. Hámarksbyggingarmagn á svæðinu verður um 125.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli.

Deiliskipulagið nær einnig til eldri byggðar við Eskiholt, Hrísholt og Háholt.

Aðkoma verður frá Arnarnesvegi, Vetrarmýri og Öldusöllum.

Við gildistöku deiliskipulagsins fellur úr gildi deiliskipulag Hnoðraholts og Vetrarmýrar (með síðari breytingum) sem samþykkt var af skipulagsstjóra ríkisins 17. apríl 1996.

Deiliskipulagið var samþykkt með breytingum í bæjarstjórn 19. nóvember 2020 en tekið fyrir og samþykkt að nýju með breytingum 18. mars 2021.

*Vetrarmýri, miðsvæði, deiliskipulag.*

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir blandaðri byggð verslunar- og þjónustuhúsnæðis, fjölbýlishúsa og íþróttamannvirkja í Vetrarmýri milli Reykjanesbrautar og golfvallarsvæðis.

Svæðið sem deiliskipulagið nær til er um 20 ha að flatarmáli. Það nær einnig til lóðar golfskála GKG í Vetrarmýri.

Hæðafjöldi bygginga verður 4 til 5. Fjöldi íbúða verður 664, hámarksbyggingarmagn á svæðinu verður um 210.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli.

Verslunar- og þjónustuhúsnæði verður að mestu á syðri hluta svæðisins og meðfram Reykjanesbraut. Íþróttamannvirki verða á eystri hluta svæðisins.

Aðkoma verður frá Vífilsstaðavegi, Hnoðraholtsbraut og um Vetrarbraut frá Arnarnesvegi.

Við gildistöku deiliskipulagsins fellur úr gildi deiliskipulag Hnoðraholts og Vetrarmýrar (með síðari breytingum) sem samþykkt var af skipulagsstjóra ríkisins 17. apríl 1996.

Deiliskipulagið var samþykkt með breytingum í bæjarstjórn 19. nóvember 2020 en tekið fyrir og samþykkt að nýju með breytingum 18. mars 2021.

*Rjúpnadalur, deiliskipulag.*

Deiliskipulagið nær til um 8 ha svæðis í Rjúpnadal, austan við brúnir Smalaholts og vestan hesthúsabyggða á Kjóavöllum. Svæðið er í um 120 metra hæð yfir sjávarmáli og hallar því lítillega til norðausturs.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 3,8 ha svæði fyrir grafreit (kirkjugarð) og 1 ha svæði fyrir minningargarð sem ætlaður er til jarðsetningar duftkerja. Einnig er gert ráð fyrir lóð fyrir aðstöðuhús kirkjugarðs og lóð fyrir bálfararstofu í tengslum við minningargarð.

Syðst á svæðinu er gert ráð fyrir 1,1 ha lóð fyrir meðferðarstofnun á vegum Barnaverndarstofu.

Aðkoma að svæðinu er frá Elliðavatnsvegi á móts við aðkomu að hesthúsabyggðinni og gert er ráð fyrir tengingu við Austurkór í Kópavogi.

Hámarksbyggingarmagn innan deiliskipulagssvæðisins er 5.500 m<sup>2</sup> að flatarmáli.

Deiliskipulagið var samþykkt óbreytt frá auglýstri tillögu í bæjarstjórn 19. nóvember 2020.

Nr. 407

13. apríl 2021

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þær þegar gildi.

*Garðabæ, 13. apríl 2021.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 14. apríl 2021